

# AUGLÝSING

## um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

1. gr.

*Um friðlýsinguna.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar og að beiðni Garðabæjar, að friðlýsa Skerjafjörð við Álftanes sem friðland skv. 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skerjafjörður við Álftanes er á skrá yfir alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er hluti af því svæði sem nefnt er Álftanes – Skerjafjörður í náttúruverndaráætlun frá árinu 2004 og er skráð þar vegna fuglalífs.

Skerjafjarðarsvæðið er undirstaða afar fjölbreytts fuglalífs allan ársins hring og er svæðið mikilvægur viðkomustaður farfugla sem hér hafa viðdvöl á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum. Fjörur og leirur svæðisins eru lífríkar, þar eru miklar þangfjörur og grunnsævi er með auðugu botndýralífi. Svæðið er einnig mikilvægt vegna marhálms sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi og er marhálmur ein aðal fæðutegund margæsar.

Fuglalíf á svæðinu er fjölskrúðugt árið um kring og er m.a. mikilvægur viðkomustaður fargesta og nær margæs alþjóðlegum verndarviðmiðum. Hið sama á við um grágæsir á fjaðrafellitíma og sendling að vetri. Þarna eru fágæt fuglasvæði og hafa yfir 30 tegundir orpið og þúsundir farfugla koma við til hvíldar og fæðuöflunar á ferðum sínum milli Evrópu og heimskautasvæða á Grænlandi og í Kanada vor og haust. Mikið fuglalíf er á vetrum, s.s. þúsundir æðarfugla og hundruð gráanda, hávellna, dílaskarfa, tjalda og máfa og byggist það á víðáttumiklum og lífríkum fjörum. Einkennisfuglar á Álftanesi eru strand- og votlendisfuglar, einkum andfuglar og vaðfuglar. Æðarfugl er langalgengasti varpfuglinn á Álftanesi og nýtir fjöru- og grunnsævi umhverfis nesið til fæðuöflunar og ungauppeldis. Þetta búsvæði er undirstaða fyrir tilvist æðarfugls á nesinu og á það raunar á við um flestar aðrar fuglategundir, eins og hávellu og toppönd. Einnig sækja vaðfuglar, skarfar, máfar og kríur mikið í þetta búsvæði.

Botndýralíf á svæðinu er auðugt á grunnsævi. Þarna eru lífríkar sjávartjarnir, fjörur og sjávarfitjar og tiltölulega lítið raskaðar klóþangsfjörur og sandmaðksleirur. Strandvistgerðir á landi og fjöruvistgerðir umhverfis Álftanes hafa hátt verndargildi enda sækir fjöldi fugla fæðu í þær.

Fuglalíf og gróðurfar á Álftanesi hefur mikið gildi á héraðs-, lands- og heimsvísu. Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janero 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978).

Hið friðlýsta svæði er 12.48 km<sup>2</sup>.

2. gr.

*Markmið friðlýsingarinnar*

Markmiðið friðlýsingar svæðisins er að vernda og varðveita til framtíðar náttúrulegt ástand Skerjafjarðar við Álftanes sem búsvæði fugla sem er einnig mikilvægt viðkomusvæði farfugla. Markmiðið er einnig að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins, lífríki í fjöru og á grunnsævi,

einkum með tilliti til fugla, sem og hafsbotninn og vatnsbol. Jafnframt er markmiðið að vernda fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni, auðugu lífríki og möguleikum til útvistar og nýtingar sem samrýmist verndun búsvæða fugla.

### 3. gr.

#### *Mörk friðlandsins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á hnitsettu korti meðfylgjandi auglýsingu. Friðlýsingin nær til fjöru, hafsbotns, lífríkis og vatnsbols.

### 4. gr.

#### *Umsjón með friðlandinu*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er heimilt að gera umsjónarsamning um friðlandið sbr. 1. mgr. 85. gr. laga um náttúruvernd.

### 5. gr.

#### *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í samvinnu við Garðabæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun og það ráðuneyti sem fer með málefni verndunar og nýtingar fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnins og í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um verndun dýralífs, umferð á sjó, veiðar, landnýtingu, landvörslu, rannsóknir og vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, efnistöku, framandi tegundir og flug ómannaðra og mannaðra loftfara.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### 6. gr.

#### *Umferð á verndarsvæðinu.*

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða.

Allur akstur vélknúinna farartækja í fjörum utan vega er óheimill, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umferð vatnaleiktækja s.s. sjókatta, sjódrekaflugs og seglbretta er óheimil innan svæðisins á far- og varptíma, sem skilgreindur skal í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Almenn umferð skipa og báta er heimil eftir hefðbundnum siglingaleiðum. Hámarkshraði vélknúinna farartækja á sjó innan friðlandsins er 4 sjómílu/klst að undanskilinni umferð vélknúinna farartækja vegna leitar- og björgunaraðgerða.

Hundar skulu hafðir í taumi innan friðlandsins. Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi öðrum gestum ónæði. Skylt er að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug ómannaðra loftfara skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum þar að lútandi. Fjalla skal nánar um notkun ómannaðra loftfara, s.s. á far- og varptíma í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

Heimilt er að setja nánari reglur um umferð í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 8. gr.

##### *Fræðsla.*

Umhverfisstofnun, í samráði við Garðabæ, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

#### 9. gr.

##### *Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja*

Óheimilt er að spilla gróðri í fjöru og á sjávarbotni innan friðlandsins.

Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan friðlandsins hvort heldur er í fjöru, í vatnsbol eða á hafsbotni.

Allt rask á jarðminjum og sjávarbotni, þ.m.t. efnistaka í fjöru og sjávarbotni, er óheimilt í friðlandinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 10. gr.

Óheimilt er að sleppa, dreifa, eða rækta framandi og/eða ágengar lífverur í friðlandinu. Eldi sjávardýra innan friðlandsins er óheimilt.

Nánar skal kveðið á um verndun dýralífs og jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 10. gr.

##### *Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og Garðabæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki og skulu vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Nánar skal kveðið á um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 11. gr.

##### *Rannsóknir og vöktun.*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi

Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

*Veði, nýting hlunninda og notkun skotvopna*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu er notkun skotvopna til minkaveiða.

Óheimilt er að veiða fugl í friðlandinu.

Fiskveiðar eru heimilar í friðlandinu og skulu þær hafa sjálfbærni að leiðarljósi og þess gætt að þær valdi ekki röskun á búsvæði fugla og fuglalífi. Nýting skal vera í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar um.

Nánar skal fjallað um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

*Viðurlög*

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

14. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra